



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 6. september 2021
USK2021090009

Borgarráð

Lagfæringar og breytingar á gatnamótum.

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út framkvæmdir við breytingar, endurbætur og lagfæringar á gatnamótum í Reykjavík.

Kostnaðaráætlun 2 er 100 m.kr.

Greinargerð:

Framkvæmdirnar nú eru hluti aðgerða skv. samþykkt skipulags- og samgönguráðs 2. júní 2021 um "Breytt fyrirkomulag umferðar í tengslum við endurnýjun umferðarljósabúnaðar 2021."

Um er að ræða framkvæmdir samhliða endurnýjun á umferðarljósabúnaði s.s. endurnýjun á skynjurum o.fl. auk lagfæringa á nánasta umhverfi m.t.t. aðgengis og öryggis vegfarenda.

Um er að ræða aðgerðir á eftirfarandi gatnamótum: Miklabraut-Skeiðavogur; Geirsgata-Tryggvagata; Nóatún-Skipholt; Barónsstígur-Eiríksgata; Stekkjabakki-Álfabakki; Háaleitisbraut-Listabraut; Réttarholtsvegur-Sogavegur.

Vegagerðin greiðir kostnað við aðgerðir á gatnamótum stofnbrauta í samræmi við eignarhlut.

Kostnaðaráætlun 2: 100 m.kr.

Kostnaðarstaður: 3102

Ámundi Brynjólfsson,
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds

Hjálagt:

- Erindi lagt fram í skipulags- og samgönguráði 2. júní 2021

Skipulags- og samgönguráð

Málsnúmer: USK2021050015

27. maí 2021

Breytt fyrirkomulag umferðar í tengslum við endurnýjun umferðarljósabúnaðar 2021

Í tengslum við endurnýjun á umferðarljósabúnaði 2021 er lagt til að skipulags- og samgönguráð samþykki eftirfarandi breytingar á fyrirkomulagi umferðar á tveimur gatnamótum og einni gönguþverrun.

- Á gatnamótum Háaleitisbrautar og Listabrautar er gert ráð fyrir að önnur akrein af tveimur á Listabraut til vesturs verði afnumin.
- Á gatnamótum Stekkjarbakka og Álfabakka er gert ráð fyrir að afnema hægribeygjuframhjálaup frá Stekkjarbekka vestur Álfabakka.
- Að ljósastrýrð gönguþverrun yfir Lönguhlíð milli Eskitorgs og Blönduhlíðar verði færð norður fyrir Blönduhlíð.

Greinargerð

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar undirbýr endurnýjun á umferðarljósabúnaði í samstarfi við skrifstofu framkvæmda og viðhalds. Um er að ræða búnað sem er kominn til ára sinna og getur ekki tengst miðlægri stýritölvu umferðarljósa.

Í ár er gert ráð fyrir að endurnýja umferðarljósabúnað á tíu gatnamótum og tíu gönguþverrunum í Reykjavík. Samhliða endurnýjun á búnaði eru ljósastrýringar yfirfarnar og eftir atvikum, skynjurum bætt við, forgangskerfi Strætó og neyðarbíla innleitt og lagfæringar gerðar á nánasta umhverfi, sérstaklega m.t.t. aðgengis og öryggis óvarinna vegfarenda.

Lagfæringar á umhverfi eru almennt séð minniháttar lagfæringar t.d. á kantsteinum, gerð leiðarlína og varúðarsvæðis en á tveimur gatnamótum og einni gönguþverrun



Gatnamót Háaleitisbrautar og Listabrautar. Lagt er til að rauðmerkt akrein verði fjarlægð en þess í stað verður breiðari miðeyja milli akstursstefna. (Loftmynd: Lukr/Samsýn)




eru lagðar til meiri breytingar eins og tillagan lýsir (sjá meðfylgjandi myndir). Markmið breytinganna er að bæta umferðaröryggi óvarinna vegfarenda m.a. með því að stytta leið þeirra yfir götu.

Á gatnamótum Háaleitisbrautar og Listabrautar er lagt til að fjarlægja stutta akrein á Listabraut til vesturs, sem ekki er þörf fyrir. Um er að ræða leifar af eldri útfærslu gatnamótanna. Á gatnamótum Stekkjarbakka og Álfabakka er lagt til að afnema hægribeygjuframhjálaup frá Stekkjarbakka vestur Álfabakka. Umferð um umrædda beygju er ekki mikil og hefur breytingin hverfandi áhrif á afköst gatnamótanna. Þar sem forgangskerfi fyrir Strætó verður virkjað á sama tíma hefur breytingin einnig hverfandi áhrif á Strætó. Í báðum tilfellum styttist leið óvarinna vegfarenda yfir götuna. Þannig fæst öruggari gönguleið og vistlegra umhverfi. Á Lönguhlíð, milli Eskitorgs og Blönduhlíðar, hefur um árabíl verði ljósastýrð göngupverun. Lagt er til að samhliða endurnýjun á búnaði verði göngupverunin færð norður fyrir Blönduhlíð. Í dag er engin göngupverun þar. Helsti kostur þess að færa göngupverunina og umferðarljósinn norðar er að ljósin hafa þá síður truflandi áhrif á umferð um hringtorgið en nýtast engu að síður gangandi vegfarendum vel. Tillagan er í samræmi við afstöðu íbúaráðs miðborgar og Hlíða en ráðið fékk þrjá valkosti að útfærslu göngupverunar til umfjöllunar, þar á meðal einn sem gerði ráð fyrir óbreyttri útfærslu. Íbúðaráðið leitaði til íbúasamtaka 3. hverfis um afstöðu í ferlinu.



Gatnamót Stekkjarbakka og Álfabakka. Lagt er til að rauðmerkt akrein verði fjarlægð. (Loftmynd: Lukr/Samsýn)



Langahlíð við Eskitorg. Lagt er til að ljósastýrð göngupverun yfir Lönguhlíð verði færð norður fyrir Blönduhlíð. (Loftmynd: Lukr/Samsýn)




Gatnamótin og gönguþveranirnar sem ætlunin er að endurnýja umferðarljósabúnað á 2021 eru talin upp að neðan. Fimm fyrstu gatnamótin og fyrstu tvær gönguþveranirnar eru í sameign Reykjavíkurborgar og Vegagerðarinnar þar sem um þjóðveg er að ræða:

Gatnamót	
1. Hringbraut-Bræðraborgarstígur	6. Nóatún-Skipholt
2. Hringbraut –Framnesvegur	7. Barónsstígur-Eiríksgata
3. Hringbraut -Hofsvallagata	8. Stekkjarbakki-Álfabakki
4. Miklabraut-Skeiðarvogur	9. Háaleitisbraut-Listabraut
5. Geirsgata-Tryggvagata	10. Réttarholtsvegur-Sogavegur
Gönguþveranir	
1. Geirsgata – Naustin	6. Réttarholtsvegur við Langagerði
2. Geirsgata – Steinbryggja	7. Skeiðarvogur við Sólheima
3. Hofsvallagata við Túngötu	8. Sóleyjargata við Bragagötu
4. Langahlíð við Blönduhlíð	9. Álfheimar við Sólheima
5. Hofsvallagata við Neshaga	10. Bústaðavegur við Grímsbæ

Búnaður vegna endurnýjunar umferðarljósabúnaðs á gatnamótum var keyptur í kjölfar útboðs 2020 og er kominn til landsins. Áætlaður heildarkostnaður við búnað, uppsetningu og tengdar framkvæmdir er vegna endurnýjunar umferðarljósabúnaðs á 10 gatnamótum og 10 gönguþverunum er um 300 milljónir kr. Vegagerðin greiðir um fjórðung kostnaðar, í samræmi við eignarhlut.

Fyrir hönd skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
deildarstjóri samgangna



Endurnýjun umferðarljósabúnaðar táknuð með bleikum lit. Hringur (MP/MR) táknar gatnamót. Tígull (Pelican) táknar gönguþverun.